

2. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2018-2019

Þriðjudaginn 19. júní kl. 18:00 var haldinn annar fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Daníel Örn Hinriksson, Pétur Alan Guðmundsson, Þorsteinn Thorsteinson og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Viktoría Jensdóttir boðaði forföll.

Guðný Rut Isaksen framkvæmdastjóri HRFÍ sat fundinn.

Þorsteinn Thorsteinson ritaði fundinn.

Dagskrá:

1. Verkaskipting nýrrar stjórnar

Ný stjórn skipti með sér verkum fyrir næsta starfsár á eftirfarandi hátt: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Þorsteinn Thorsteinson ritari, Auður Sif Sigurgeirsdóttir meðstjórnandi og Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi. Guðbjörg Guðmundsdóttir og Viktoría Jensdóttir eru varamenn. Pétur lagði til að ekki yrði skipaður gjaldkeri stjórnar fyrir starfsárið þar sem framkvæmdastjóri er í félaginu og var það samþykkt.

2. Erindi sem samþykkt voru milli funda (fylgisk. 2:1):

- a. Sýningadómaranefnd félagsins mælti með staðfestingu dómaraáttinda Sóleyjar Höllu Möller á golden retriever, prófdómarar voru sýningadómararnir Hans Almgren frá Svíþjóð sem hefur viðurkenningu SKK til að prófdæma tegundina og Jeff Horswell frá Bretlandi.
Samþykkt.
- b. Sýningadómaranefnd félagsins mælti með staðfestingu dómaraáttinda Daníels Arnar Hinrikssonar á pug, prófdómarar voru sýningadómararnir Hans Almgren frá Svíþjóð sem hefur viðurkenningu SKK til að prófdæma tegundina og Birgit Seloy frá Danmörku en hún er þekktur ræktandi að pug og formaður dómaraáttamsnefndar DKK.
Samþykkt.

- c. Sýningadómaranefnd félagsins mælti með staðfestingu dómara réttinda Viktoríu Jensdóttur á pug, prófdómarar voru sýningadómararnir Hans Almgren frá Svíþjóð sem hefur viðurkenningu SKK til að prófdæma tegundina og Birgit Seloy frá Danmörku en hún er þekktur ræktandi að pug og formaður dómara námsnefndar DKK.
- Samþykkt.

3. Beiðni skrifstofu um ræktunarbann (fylgisk. 2:2)

Skrifstofa félagsins óskar eftir að stjórn skoði að setja 5 hunda í ræktunarbann samkvæmt tilmælum dýralækna sem augnskoðuðu hundana 2. og 3. mars s.l., þar sem reglur skera ekki á um bann fyrir þessa hunda:

- Dvergschnauzer, svartur
Niðurstaða: *Mistænkt, Keratitis KCS Small opacities in cornea especially left eye, Tear production in the lower end of normal. Obs KCS/Obs immunemed keratitis. Recoment treatment permanent with optimune twice a day - no breeding.*
- Havanese
Niðurstaða: *Påvist. Katarakt Punctata H.-new examination after ½-1 year before any breeding.*
- Welsh Corgi Pembroke
Niðurstaða: *Kataract cortical, recommend no breeding.*
- Labrador retriever
Niðurstaða: *Kataract, posterior polar, påvist.*

Ekki er vilji til að ganga lengra en reglur félagsins kveða á um. Stjórn samþykkir að skrifstofan sendi eigendum ofangreindra hunda tilmæli dýralæknanna og að deildir viðkomandi hunda fái afrit af þessum tilmælum til skoðunar sem og ræktunar- og staðlaráð vegna þeirrar endurskoðunar sem er á regluverkinu í heild sinni.

Einnig samþykkt að skrifstofan óski eftir upplýsingum frá dýralæknunum um kataract, hvenær það sé arfgengt og hvenær ekki, en þetta er ekki alltaf augljóst.

- Poodle, miniature
Niðurstaða: *Påvist Katarakt Cortical OS; Morgagnian cataract --> Blind OD; Anterior cortical cataract. No Breeding!! H.- no breeding.*



Ræktunarbann samþykkt, skv. VI. kafla reglugerðar um skráningu í ættbók HRFÍ þar sem segir að ekki sé heimilt að rækta frá blindum hundum.

4. Húsnæðismál

Ákveðið að funda með fulltrúum sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins út af húsnæðismálum HRFÍ, fylgja eftir bréfum sem félagið hefur sent og kanna áhuga á mögulegu samstarfi.

Guðný kynnti fyrirhugaðar framkvæmdir húsfélagsins í stigahúsi Síðumúla 15.

5. Önnur mál:

- Stjórn papillon- og phaléneideildar spurði út í nýju persónuverndarlögin (fylgisk. 2:3). Deildin heldur úti gagnagrunni á heimasíðu sinni þar sem nafn hunds og eigenda kemur fram. Stjórn leitaði álits laganefndar og deildir verða að fjarlægja upplýsingar um eigendur af netinu, séu þær birtar opinberlega. Ákveðið að upplýsa stjórnir deilda félagsins um þetta. Félagið þarf að móta persónuverndarstefnu. Verið er að kortleggja hvaða upplýsingar liggja hjá félaginu og hvernig þeim er miðlað. Með upptöku danska tölvukerfisins verður þetta ekki vandamál enda búið að útfæra þessi atriði í kerfinu.
- Herdís benti á að merki HRFÍ sé skráð sem vörumerki og að hægt sé að skrá það sömuleiðis sem félagamerki. Í framhaldinu geti félagið sett reglur um heimild til notkunar merkisins. Öll Norðurlöndin eru að setja sér viðmiðunarreglur um umræður á netinu og þetta gæti verið viðbót við starfsreglur ræktunardeilda.
- Tvöföld deildarsýning schäferdeildar 13. og 14. október 2018. (fylgisk. 2:4 og 2:5) Sýningastjórn er jákvæð gagnvart sýningunum en bendir á að fjárhagsáætlun geri ráð fyrir lægra skráningargjaldi á seinni sýninguna, sé skráð á báðar, og að aðrar smávægilegar upplýsingar vanti í fjárhagsáætlun. Ekki er hægt að víkja frá galdskrá og samþykkt að skrifstofa félagsins hafi samband við stjórn deildarinnar og fái þær upplýsingar sem vantar áður en afstaða verður tekin til sýninganna.

Þorvaldur Fallmannsdóttir
Guðbjörg A.
Dauðiþórunn
Sveinbjörn Guðmundsson

Fundi slitið 19:45